Ed. **374. Nefndarálit**

um flóabátastyrki 1926.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hafði á sínum tíma átt fundi með samgöngumálanefnd Nd. um flóabátastyrkinn og úthlutun hans. Voru báðar nefndirnar sammála um að leggja

það til, að upphæð flóabátastyrksins næsta fjárhagstímabil yrði ákveðin alls kr. 83000. —

Hafði nefndin þá samþykt þá skiftingu styrksins, sem hjer segir:

Til Borgarnesferða	kr. 27000
— Breiðafjarðarbáts	— 14000
— Djúpbátsins	— 16000
— Skaftfellings	— 15000
— Rangársandsbáts	— 1200
— Grímseyjarferða	— 1200
— Rauðasandsbáts	— 400
— Lagarfljótsbáts	— 500
— Hvalfjarðarbáts	— 700
— Hornafjarðarbáts	— 4000
— Rangárvalla- og Skaftafellssýslna, til að styrkja beina viðkomu millilandaskipa	— 3000
Alls	kr. 83000

Síðan þessi ákvörðun var tekin, hafa fjárlögin verið til meðferðar í Nd., og hafa þar bæst við kr. 4000, aðallega með tilliti til Hornafjarðarbáts, eftir því sem formaður fjárveitinganefndar Nd. hefir tjáð nefndinni. Nefndin telur vafasamt, hvort rjett sje að Hornafjarðarbátur fái einn alla þessa hækkun, en vill hinsvegar ekki leggjast á móti þessari 4000 króna viðbót við heildarupphæðina, en álítur rjett, að af henni sjeu þá styrktir þeir bátar, sem mest hafa styrks þörf, t. d. Skaftfellingur, Hornafjarðarbátur og ef til vill Breiðafjarðarbátur.

Nefndin telur rjett að láta þess getið, að hún telur það ekki framkvæmanlegt, að bátur sá, sem póstinn flytur milli Reykjavíkur og Borgarness og annast á ferðir allar um Faxaflóa, hafi líka á hendi ferðir á Breiðafirði.

Reynslan myndi fljótlega leiða þetta í ljós, ef reynt væri.

Alþingi, 20. april 1925.

Eggert Pálsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrif. og frsm. Hjörtur Snorrason.

Guðm. Ólafsson. Sigurður Jónsson.